

## Jón Þrándur Stefánsson

---

**Frá:** Jón Þrándur Stefánsson  
**Sent:** miðvikudagur, 28. febrúar 2024 14:05  
**Til:** 'sveitarstjori@skagastrond.is'  
**Efni:** RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Ólafur,

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar tillögur sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta.

Að svo stöddu er ráðuneytið ekki tilbúið að staðfesta tillögur sveitarstjórnar þar sem rökstuðningur hefur verið metinn ófullnægjandi og að sveitarfélagið hafi ekki sýnt fram á að tillaga sveitarstjórnar sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Í umfjöllun ráðuneytisins var litið til þess að í tillögu sveitarstjórnar eru ekki rökstuddar þær breytingar sem óskað er eftir á viðmiðunum er varða stærðarmörk fiskiskipa og breytingum á hámarksúthlutun. Í mati ráðuneytis á framangreindum ákvæðum kemur í ljós að verulegar líkur eru á að slíkar breytingar muni hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta. Því þarf að sýna fram á að slík ráðstöfun sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Þessu til viðbótar skal bent á að borist hafa athugasemdir varðandi tillögu sveitarstjórnar um niðurfellingu 2. mgr. 1. gr. Rökstuðningur fyrir þessari tillögu hefur einnig verið metinn ófullnægjandi og ráðuneytið hefur áður hafnað slíkri breytingu við umfjöllun tillagna á fyrri árum.

Sveitarstjórn er því gefin 14 daga frestur til þess að koma fram með frekari rökstuðning áður en afstaða verður tekin til tillögu sveitarstjórnar.

Með kveðju,  
Jón Þrándur



**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor**  
Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Tilvísun í mál: MAR23110192

**Frá:** Ólafur Þór Ólafsson

**Til:** Matvælaráðuneyti

**Sent:** 28.12.2023 09:24:57

## Efni: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Komið þið sæl

Hjálagðar eru tillögur að sérreglum í tengslum við úthlutun byggðakvóta vegna Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Einnig fundargerð sveitarstjórnar frá 22. desember 2023, þar sem á dagskrá voru sérreglur í tengslum við byggðakvóta.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.



### Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3

[455-2700](tel:455-2700)

[sveitarstjori@skagastrond.is](mailto:sveitarstjori@skagastrond.is)

[www.skagastrond.is](http://www.skagastrond.is)

*Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkum hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.*

*This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.*